

Sp.

29. Fyrirspurnir.

[28. mál]

- I. Til forsætisráðherra varðandi endurskoðun á gildandi lögum um hvíldartíma háseta á togurum.

Frá Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni.

Hvað liður þeirri endurskoðun á gildandi lögum um hvíldartíma háseta á togurum, sem forsætisráðherra lofaði, að framkvæmd skyldi verða? Hvað hefur nefnd sú starfað, sem ráðherra skipaði til að vinna þetta verk, og hvenær skilar nefnd þessi álit?

- II. Til atvinnuáráðherra um vélapörf landbúnaðarins og innflutning landbúnaðarvéla.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Hefur ríkisstjórnin aflað sér upplýsinga hjá búnaðarsamböndum og búnaðarfélagum um það, hvað bændur og félag þeirra telja sig þurfa og óska að fá keypt af vélum á næsta ári, svo sem skurðgröfum, beltisdráttarvélum, öðrum vélum og áhöldum til jarðyrkju, dráttarvélum til heimilisnota, jeppabifreiðum og heyvinnuvélum, og hafa verið gerðar áætlanir um verð þessara véla í erlendum gjaldeyri?
2. Hefur ríkisstjórnin gert nokkrar ráðstafanir eða áætlanir varðandi innflutning á landbúnaðarvélum?